
Formannafundur LH
Íþróttamiðstöðinni Laugardal
9. nóvember 2007

Formaður LH, Haraldur Þórarinnsson setti fund kl 10:00 og bauð fundarmenn velkomna.

Tillaga kom um að Sveinbjörn Sveinbjörnsson tæki að sér fundarstjórn og að Jóna Fanney Friðriksdóttir ritaði fundargerð.

Samþykkti fundurinn það.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson fór yfir lögmæti fundarins. Voru fundarmenn sammála um að rétt hafi verið til hans boðað og fundurinn lögmætur.

1. Skýrsla stjórnar og kynning á reikningum

a. Skýrsla stjórnar.

Formaður LH, Haraldur Þórarinnsson LH fór yfir helstu störf stjórnar frá því að ný stjórn tók við á landsþingi í Borgarnesi 2006. Vísast í skýrslu stjórnar.

2. Reikningar 2006

Maríanna Gunnarsdóttir, gjaldkeri LH fór yfir ársreikning 2006 og 8 mánaða uppgjör 2007.

Umræður um skýrslu og reikninga:

Æskulýðsmál– Ómar Diðriksson (Geysir):

Sagði meðlimi í Geysi mjög meðvitaða um mikilvægi æskulýðsstarfs og fagnaði áherslu stjórnar LH á þessu sviði. Taldi hann það árangursríkt ef unnið yrði sameiginlega að fræðsluefni og myndböndum fyrir ungmenni sem hestamannafélögin um land allt gættu nýtt sér í skólakynningar o.fl.

Tengsl við landsbyggðina / opinber gjöld sveitarfélaga - Sigpór Gunnars-son (Stormur):

Fagnaði stefnu stjórnar LH að vera í nánari tengslum við hestamannafélögin á landsbyggðinni. Mikilvægt væri að deila áhyggjum og gleði og skiptast á skoðunum. Fasteigna- og lóðagjöld sveitarfélaga væru í mörgum tilfellum að sliga hestaíþróttina, bæði hvað varðar hesthúsin og reiðhallirnar. Óskaði hann liðsinnis stjórnar LH með þennan mikilvæga þátt.

Kynningarmál/ heimasíður – Vilberg Einarsson (Blær)

Tók undir með formanni Storms varðandi fasteignagjöldin. Óskaði hann jafnframt samstarfs vegna heimasíðumála; þ.e. hvort vilji væri til að heimasíður einstakra hestamannafélaga yrðu hýstar innan LH.

Haraldur Þórarinsson, formaður LH, svaraði ofangreindum fyrirspurnum

Æskulýðsmál

HP fagnaði fyrirspurn vegnakynningarmála til ungs fólks og upplýsti að á landsþingi LH hafi stjórn LH m.a. verið falið að vinna að mynddisk um hestamennskuna. Verið væri að vinna úr því sem fram koma á ráðstefnu æskulýðsnefndarinnar og tók undir mikilvægi kynningarstarfsins gagnvart ungmennum. Ítrekaði hann það að hestamennska væri jafngild öðrum íþróttagreinum og sagði stjórn LH leggja mikla áherslu á þau sjónarmið. Minnti hann á Litabók íslenska hestsins sem gott fyrsta skref til kynningar í grunnskólunum.

Tengsl við landsbyggðina / opinber gjöld sveitarfélaga

HP tók undir að bráðnauðsynlegt væri fyrir stjórn LH að vera í góðum tengslum við öll aðildarfélög. Varðandi fasteignagjöld og lóðaleigu sveitarfélaga af hesthúsum og reiðhöllum sagði hann að sveitarstjórnarlög tækju skýrt á því að óheimilt væri að fella niður þessi gjöld. Hins vegar væri sá háttur á í mörgum sveitarfélögum að hestamannafélögin sæktu um styrki sem nema fasteignagjöldum. Þessir styrkir væru þá utan þess styrkja sem hestamannafélögin væru að sækja um til reksturs hjá sveitarfélögunum. Taldi hann mikilvægt að hestaíþróttin væri kynnt sveitarstjórnarmönnum sem samfélagslegt verkefni þar sem unnið er mikið sjálfbóðaliðastarf.

Kynningarmál / heimasíður

Formaður taldi sjálfsagt mál að LH skoðaði með hýsingar heimasíðna hestamannafélaga en mikil vinna lægi í því að halda þeim “lífandi”.

Bjarnleifur Bjarnleifsson (Gusti) tók til máls.

Fagnaði hann skýrslu stjórnar og góðum ársreikningi og hvatti fundarmenn til lófaklapps fyrir stjórn LH. Fundarmenn tóku hressilega í þessa beiðni og klöppuðu stjórninni lof í lófa.

SigfúsHelgason í stjórn LH tók næstur til máls

Bauð hann nýráðinn framkvæmdastjóra Landsmóts hestamanna ehf., Jónu Fanneyju Friðriksdóttur, velkomna til starfa.

Reifaði hann fjárstuðning sveitarfélaga til reiðvegagerðar. Fram hefur komið að hlutur sveitarfélaga í reiðvegum hefur verið um 33 m kr. Taldi hann þá upphæð töluvert hærri þar sem framlög þeirra koma ekki alls staðar fram og benti hann á Akureyrabæ í því tilliti.

Ljáði hann einnig máls á því að skipulagsmál sveitarfélaga væri viðfangsefni sem æ fleiri hesthúsahverfi væru að líða fyrir. Nefndi hann máli sínu til stuðnings hesthúsahverfin í Ólafsfirði, Hnífsdal og Bolungarvík. Uppkaup á landsvæðum sem áður voru deiliskipulögð sem hesthúsahverfi en nú væru að fara til annarra nota. Spurning um að hestamennskan lifi þetta af á þessum stöðum – Mikilvægt að LH styðji við bakið á þessum félögum.

2. Afhending æskulýðsbikars LH 2007

Helga B. Helgadóttir formaður æskulýðsnefndar LH kynnti val á því hestamannafélagi sem hlýtur æskulýðsbikar LH í ár. Æskulýðsnefnd LH fór yfir þær starfsskýrslur sem borist hafa frá æskulýðsnefndum hestamannafélaganna, alls 19 skýrslur.

Við val á handhafa æskulýðsbikars LH er horft til þess fjölbreytta starfs sem félögin hafa í boði fyrir börn, unglinga og ungmenni í sínu félagi. Ljóst er að mikið og gott starf á sviði æskulýðsmála er unnið hjá þeim félögunum sem sendu inn skýrslur og ánægjulegt að sjá hversu mikill metnaður er í starfinu. Margar skýrslurnar eru faglega unnar og á skilmerkilegan hátt sagt frá því hvað er um að vera í félaginu fyrir æskuna.

Valið var erfitt í ár því eins og oft áður og fjölbreytt starf í félögunum. Það voru þó 4 skýrslur sem stóðu upp úr að mati nefndarinnar, það voru skýrslur frá hestamannafélögunum Dreyra, Mána, Smára og Þyt.

Niðurstaða valsins var sú að Æskulýðsnefnd LH leggur til að hestamannafélagið Máni í Keflavík hljóti Æskulýðsbikar LH fyrir árið 2007 fyrir metnaðarfullt starf og fjölbreytta dagskrá í æskulýðsmálum

Formaður hestamannafélagsins Mána kom upp og tók við æskulýðsbikarnum fyrir hönd Mána.

3. **Dýravernd milli tveggja elda, Sigríður Björnsdóttir dýralæknir**

Sjá kynningu á heimasíðu LH.

Sigríður var spurð um að koma með fyrirlestra út á land – sjálfsagt mál sagði SB og vill það gjarnan.

SB: Ræddi um þörfina á endurskoðun dýraverndunarlaganna með aðkomu hestamanna. Mikilvægt að fulltrúar LH hafi skoðun á lögnum og komi inní vinnu við endurskoðunina. Með því verður lagaramminn gagnvart hestamönnum skýr.

Sp: Þyrfti sérlæg um hestamennskuna/hestinn?

SB: Nei. Þarf reglugerð um meðferð keppnis- og sýningarhrossa. Ekki ásættanlegt að umhverfisráðuneytið veiti leyfi, ekki næg þekking þar innanhúss.

Áverkaskráningar. Mikið verið að hugsa um gagnaöflun. Hins vegar getur hófsöfnun verið hættulegri heilsu hrossa en skeifustærðir (8/10mm).

HP: Siðareglur og framkvæmd móta. Menn þurfa að ná saman í heild sinni.

Sp: Hafa siðareglur lagalegt gildi? Þarf að vera samsvörun í reglum og siðareglum?

SB: Skýrt tekið fram t.d. í reglum FEIF að brot á siðareglum hljóta sömu lögmálum og aðrar reglur. Vinna þarf hins vegar að samræmingu reglna fyrir Landsmót, mótstjórnin sér um reglurnar. Þetta mun verða sett sem skilyrði á leyfi fyrir mótinu. Stjórn LM þarf að setja sér þessar reglur – þar eru dýraverndunarlögin forsendan.

Sp: Sár í munni. Getur það verið vegna gerðar hestsins og byggingar hans – er munur?

SB: Já, líklegt. Hestar sem svara knapa vel fá síður sár. En málið er að við vitum alltof lítið.

Rætt um „dýraníð“ í kjölfar greinarinnar í Cavallier. SB: Ljóður á annars fallettri sýningu og yfirbragði. En þetta eru augnablik en getur skemmt fyrir fallettri sýningu.

Sp: Getur verið að vellirnir henti ekki fyrir skeiðið?

SB: Já, þetta eru atriði sem þurfa að vera í stöðugri endurskoðun. Eigum ekki að þurfa að vera í vörn gagnvart alþjóða hestasamfélaginu – heldur finna lausnir.

Sp: Rætt um preytumerki hesta á mótum þegar þeir eru að keppa í mörgum greinum. Hvar liggja mörkin?

SB: Fólk er farið að draga sig meira úr mörgum greinum og fókusera á eina. Dæmi: 5 greinar á 4 dögum er alltof mikið álag á hestinn.

Umræður um þessi mál héldu áfram vel yfir hádegisverð og þakkar LH Sigríði fyrir frábært innlegg hennar og þarfa umræðu.

Hádegisverður

4. Vinnuhópar

Bjarni Snæbjörn Jónsson kynnti fyrirkomulag á næsta lið sem voru umræðuhópar um fimm mismunandi málefni: Öryggismál, Æskulýðsmál, Móta- og dómaramál, Reiðvega- og skipulagsmál og Rafrænt samfélag hestamanna.

Helstu niðurstöður vinnuhópanna voru þessar:

MÓTA- OG DÓMARAMÁL

1. Reglugerð dómaranefndar LH

Skerpa þarf á og endurskoða starfsvettvang nefndarinnar – tilgangur hennar sé að halda utan um grunnreglur varðandi prófgráður og lágmarks undirbúning fyrir dómarapróf. Brýnt verkefni!

2. Úthlutun dómara á mót

Vinnuhópurinn hvetur félögin til þess að sameina eftir kosti úrtökur fyrir Landsmót næsta sumar svo auðveldara verði að útvega dómara. Hvetur til þess að félögin sækji um dómara á mótin tímanlega. Einnig bendir vinnuhópurinn á að samhæfingarnámskeið dómara séu allt of seint!

3. Íslandsmót: eitt eða tvö

Vinnuhópurinn er sammála um að Fákur þarf að færa sterk rök fyrir því að nauðsyn sé á því að halda mótin sömu dagana næsta sumar.

4. Dýravernd

Samræma þarf reglur um velferð dýra og að sömu reglur gildi um allar sýningar- og keppnishald á vegum hestamannafélaganna. Reglur þessar verða að vera hófsamar, skynsamlegar og mannlegar.

ÖRYGGISMÁL

1. Prepaskiptur gátlisti

Í gátlistanum væri tekið á helstu öryggisatriðum fyrir hvert getuprep, þ.e. frá byrjendum til lengra kominna. Það þarf að sníða að t.d. knapamerkjakerfinu eða því menntunarstigakerfi sem er í gangi hjá Landssambandinu

2. Bæklingur um öryggismál

Gefa út fræðslubækling um öryggismál og öryggisbúnað (sem er fleira en bara hjálmurinn). T.d. er til góður sænskur bæklingur um þessi mál sem mætti hafa til hliðsjónar. Áróður um öryggisbúnað þarf að efla.

3. Upplýsingaöflun

Nauðsynlegt er að safna saman upplýsingum um slys í hestamennsku og efla rannsóknir á því sviði. Huga að samvinna við m.a. ÍSÍ og heilbrigðisstéttir.

4. Vottunarstaðlar

Vottunarstaðlar fyrir hesta væri gagnlegt fyrir bæði kaupendur og seljendur. Hægt væri að votta að hesturinn hentaði fyrir t.d. byrjendur, börn og/eða kennslu fatlaðra.

5. Tryggingarmál

Gera almenna úttekt á tryggingarmálum í hestamennsku, bæði varðandi keppnir og útreiðar. Halda uppi áróðri fyrir því að hestamenn tryggi sig en það virðist gæta mikils missskilnings í þessum málum, t.d. ólík iðgjöld fyrir atvinnumanninn og áhugamanninn.

6. Skipulagsmál

Huga þarf að öryggi hestamanna þegar hesthúsahverfi og reiðgötur eru skipulagðar. LH beiti sér fyrir því að útbúin sé handbók um þessi mál í samvinnu við sveitarfélögin, samanber handbók um gerð og uppbyggingu reiðvega (sem var unnin með Vegagerðinni).

REIÐVEGA- OG SKIPULAGSMÁL

1. Vegalög

Farið verði fram á að öll umferð vélknúinna ökutækja á merktum almennings- og reiðvegum verði bönnuð.

2. Fjármagn til reiðvega

Tryggt verði aukið fjármagn frá ríkisjóði og/eða sveitarfélögum til reiðvegagerðar og viðhalds á reiðvegum.

3. Handbók um gerð og uppbyggingu reiðvega

Hvatt verði til þess að unnið verði eftir þeim leiðbeiningum sem til eru um gerð á reiðvegamannvirkjum og að haldið verði áfram að þróa þær leiðbeiningar. (Reiðvegir gerð og uppbygging, Vegagerðin og LH janúar 2006).

4. Verkefnastjóri

LH fari fram á það við Vegagerðina að hún skipi verkefnastjóra innan sinna raða til að halda utanum reiðvegamál ásamt því að aðstoða reiðveganefndir landsvæða við skráningu og flokkun reiðvega og við gerð á langtímaáætlunar.

Ályktun um skipulagsmál sem samþykkt var á fundinum:

Formannafundur Landssambands hestamannafélaga 9. nóvember 2007 ítrekar ályktun frá Landsþingi hestamannafélaga í Borgarnesi í október 2006 (þingskjal nr. 24), þar sem því er beint til sveitarstjórna landsins að forðast að skipuleggja aðstöðu fyrir akstursípróttir og hestamennsku í nábýli hvort við annað.

Fundurinn harmar þá atburðarrás sem orðið hefur í skipulagsmálum í Glerárdal á Akureyri og beinir því til stjórnar LH að hún leiti leiða til þess að koma sjónarmiðum hestamanna til bæjaryfirvalda á Akureyri

RAFRÆNT SAMFÉLAG HESTAMANNA

1. Vefsíður aðildarfélaga

Boðið verði upp á undirsíður hjá www.lhhestar.is

Tengjalisti yfir öll aðildarfélög sé aðgengilegur og uppfærður á www.lhhestar.is

2. Námskeið verði samræmd

Mótafengur / kappi, FELIX, kennsla nauðsynleg. Námskeið verði 5 -7 vikum fyrir keppnistímabil og haldið í hverjum fjórðungi. Handbók verði uppfærð og aðgengileg á heimasíðu LH

3. Fjárhagsbókhald

Skoðað verði miðlægt fjárhagsbókhald fyrir hestamannafélögin (athuga hjá ÍSÍ stöðu mála þar)

4. Lykilkerfi verði tengd saman
Félagakerfið FELIX, mótakerfi og fjárhagskerfi.

5. Upplýsingaflæði
Úrslit verði gerð aðgengileg úr Kappa á miðlægan máta

ÆSKULÝÐSMÁL

1. Pollaflokkur

Vinnuhópurinn beinir þeim tilmælum til stjórnar LH að sett sé inn í mótareglur að ekki skuli raðað í verðlaunasæti í pollaflokki. Ljóst er að mikið ósamræmi er á milli félaganna um verðlaunasæti í pollaflokki. Samkvæmt reglum ÍSÍ skal ekki raða börnum 10 ára og yngri í sæti sbr. 6.grein stefnuýfirlýsingar um tilhögun íþróttauppeldis æskufólks innan íþróttahreyfingarinnar.

2. Íslandsmót

Vinnuhópurinn beinir því til stjórnar LH að beina þeim tilmælum til mótshaldara Íslandsmóts 2008 að gæta að því að fyllsta jafnræðis verði gætt við skipulag dagskrár. Hætta er að yngra mótið hverfi í skugga eldra mótsins hvað varðar áhorf.

3. Stuðningur við minni félög

Vinnuhópurinn beinir þeim tilmælum til stjórnar LH að samtökin styðji fjárhagslega við fulltrúa á vegum æskulýðsnefndar til að halda æskulýðsbúðir eins og gert var á árum áður. Ljóst er að minni félögin á landinu eru illa í stakk búin til að standa undir mótum og fræðslu og getur verið heppilegt að sameinast um æskulýðsbúðir fyrir börnin. Góð reynsla var af þessu fyrirkomulagi á árum áður.

4. Stuðningur við börn og unglinga sem ekki hafa bakland

Vinnuhópurinn beinir því til stjórnar LH að vinna í því að finna leiðir til greiða leið þeirra barna og unglinga sem vilja byrja í hestamennsku eða hafa ekki foreldra/forráðamenn með sér í íþróttinni. Kynna sér hvaða aðferðir hafa gefist vel í öðrum íþróttagreinum og miðla þeirri reynslu til hestmannafélaganna. Ekki er nægileg nýliðun í greininni og ljóst að dýrt er að byrja í hestamennsku í dag.

5. Almennt

Vinnuhópurinn hvetur LH til að halda vöku sinni í æskulýðsmálum þar sem þau eigi að vera einn af hornsteinum starfseminnar. Hvetjum við einnig til þess að leitað sé leiða til að kynna hestamenskuna inn í grunnskólum og víðar.

5. Umræður um Landsmót 2008 og LH

Landsmót

Jóna Fanney og Regína sögðu frá undirbúningiað landsmóti næsta sumar. Miklar umræður urðu um ímynd mótsins. Fjölskylduvæn skemmtun vs. „ballstemning“. Rætt um háan löggæslukostnað og að löggæsla á LM 2004 hafi brugðist. Herða þarf löggæsluna á álagstímum – reyna að minnka hana aðra tíma. Veitingar urðu einnig að umræðuefni. Tjaldstæðamálin á Hellu 2004; „víti“ til varnaðar. Rætt um háan flutningskostnað hestabúa sem eru staðsett fyrir austan og á Vestfjörðum og mæta á LM; fleiri hundruð þúsund króna kostnaður.

LH

Mikilvægt að LH styðji við félög sem eru að rétta úr kútnum (Glófaxiog fleiri). Halldór: Samgöngunefnd veitti Glófaxes 1 mkr. til reiðvegagerðar 2007.

Rættvar um fyrirkomulag og möguleika á flutningsstyrkjum.

Bjarnleifur: Verkefni LH eru mörg og merkileg. Mótahald að sliga sum hestamannafélög. Erfitt að fá starfsfólk, dómara og aðra skipuleggjendur.

Guðni: Landsmót greiðir fyrir afnot af svæðum en aðrar íþróttir ekki! Er ekki tími til komin að snúa þessari þróun við.

HP: Viljum sitja við sama borð og aðrar íþróttagreinar – koma umræðunni af stað. Af hverju að skattleggja þessa íþrótt en aðrar ekki?

Einar: Mótahald er farið að byggjast á því að fá kostunaraðila ogað gera samninga við fjölmiðla.

Sveinbjörn: Er LH á rétttri leið?

Bjarnleifur: Já, aukinn sýnileiki t.a.m. með útgáfu LHhesta er skref í rétta átt.

Rætt um að senda þyrfti formönnum hestamannafélaganna póst nokkrum dögum áður en LHhestar koma út og láta vita. Úti á landi er Fréttablaðið ekki borið í hús.

Rætt um að það mættu vera meiri „grasrótarfréttir“ í LHhesta blaðinu – svolítið um of peningatengt.

Rætt um vel heppnað fjórðungsmót á Austurlandi og hið eilífa baráttumál „reiðhallir“.

Fundarslit

Haraldur Þórarinnsson sleit fundinum og þakkaði mönnum fyrir komuna á formannafund LH og jafnframt að þiggja léttar veitingar í boði LH hér eftir fundinn.

Fundi slitið klukkan 17:00